

Vinna og MND

Upplýsingar fyrir fólk eða sem verður fyrir áhrifum af MND

Það er sama hvort þú býrð við MND eða vöðvaáfall í mænuvöðva (Kennedy) eða ert aðalumsjónaraðili, þú gætir velt því fyrir þér hvort þú eigir að halda áfram í launavinnunni eða ekki. Það getur verið erfið ákvörðun því hún hefur að öllum líkindum haft áhrif á þig, bæði fjárhagslega og tilfinningalega.

Á þessu upplýsingablaði er farið yfir það hvernig eigi að halda launavinnu áfram eins og lengi og hægt er, ef þú vilt það. Einnig er farið yfir þá möguleika sem þú hefur til að hætta störfum ef þér finnst það rétt.

Þar er með talinn kaflinn *Að taka erfiða ákvörðun*.

Þetta tákn er notað til að undirstrika **annað útgefið efni okkar**. Kynntu þér *Nánari upplýsingar* í lok ritsins til að fá upplýsingar um hvernig eigi að nálgast það.

Þetta tákn er notað til að undirstrika tilvitnanir í aðra sem eru með MND eða verða fyrir áhrifum af sjúkdómnum.

MND Association hefur fengið vottun sem framleiðandi áreiðanlegra upplýsinga um heilbrigðis- og félagsþjónustumál.

www.england.nhs.uk/tis

„Heimilistekjur geta breyst umtalsvert ef einhver heimilismanna er með MND. Ein ástæða þess eru áhrif MND á starfsskipulagið. Útivistandi fólk með MND þarf óhjákvæmilega að hætta störfum einhvern tíma á sjúkdómsferlinu og margir fjölskyldumeðlimir ákveða að hætta í launavinnu til að annast umönnun.“

Að taka erfiða ákvörðun

Það getur fært fólki fjárhagsáhyggjur og tilfinningalegt álag að hugsa um það að hætta í vinnunni. Þetta er ákvörðun hvers og eins en fólk finnst hún alls ekki vera neitt frjálst val ef þú ert með MND eða annast umönnun. MND hefur breytingar í för með sér og ef til vill þarf líka að breyta áformum sínum. Fólk getur tekið það nærri sér svo gott er að gefa sér tíma áður en stórar ákvarðanir eru teknar.

Ef þú ert með vöðvaáfall í mænuvöðva (Kennedy) gætir þú haldið áfram í launavinnu þótt það ráðist af áhrifum sjúkdómsins á þig. Þú gætir þó þarfnast stuðnings og haft gagn af þessu blaði.

„Það er ein erfiðasta ákvörðun sem ég hef staðið frammi fyrir að taka ákvörðun um vinnuna. Niðurstaðan varð sú að halda lífinu áfram eins eðlilega og mér var unnt eins lengi og það var mögulegt. Þáttur í þessum áformum var að halda mér á vinnumarkaði.“

Það gæti þó reynst léttir að hætta í vinnunni ef hún veldur streitu eða er líkamlega erfið. Svo er launavinna kannski ekki í forgangi hjá þér.

„Þegar ég fékk greininguna var launavinna það síðasta sem ég hugsaði um.“

Launavinna færir þó fólki tilgang og félagslegt samneyti. Það getur verið erfitt að fórna því og ekki er ólíklegt að þú munir finna til saknaðar.

Hætti fólk í launavinnu getur það gefið möguleika á öðrum áformum en það ræst af einkennum þínum eða umönnunarábyrgð, fjárhagslegri stöðu og því sem þú vilt eða finnst þú geta náð.

Ef þú ákveður að hætta í launavinnunni og tekur það mjög nærri þér getur það auðveldað þér lífið að segja fjölskyldu og vinum frá áhyggjuefnum þínum. Þú getur líka beðið lækni þinn eða taugafræðing um tilvísun í ráðgjöf f þú álítur að þannig stuðningur gæti komið þér að gagni. Þar eru oft biðlistar svo þú skalt biðja um tilvísun með fyrirvara ef þú óskar eftir þannig þjónustu.